

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

33.Fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 23. febrúar 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá Umhverfisstofnun, tilnefning fulltrúa í ráðgjafarnefnd um friðlýst svæði í Mývatnssveit.
3. Tilnefning fulltrúa á hluthafafund Sorpsamlags Þingeyinga ehf. 28. feb. n.k.
4. Trúnaðarmál.
5. Erindi frá Pétri Gíslasyni, ósk um stofnun nýrrar lóðar.
6. Framkvæmdaáætlun vegna endurnýjunar á hitaveitu.
7. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál.
8. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun 2011-2014, 343. mál.
9. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun 2011-2022, 342. mál.
10. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 20. feb.
11. Erindi frá Óla Halldórssyni f.h. Þekkingarnets Þingeyinga.
12. Samningur við VÍS.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga dags. 1. feb.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11 og 12 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Umhverfisstofnun, tilnefning fulltrúa í ráðgjafarnefnd um friðlýst svæði í Mývatnssveit.

Með bréfi dags. 16. febrúar óskar Umhverfisstofnun eftir að Skútustaðahreppur tilnefni fulltrúa í ráðgjafarnefnd um friðlýst svæði í Mývatnssveit. Ráðgert er að í væntanlegri nefnd sitji einn fulltrúi frá Umhverfisstofnun, Skútustaðahreppi og Náttúrustofu Norðausturlands, auk þess skal skipa einn fulltrúa fyrir hönd hvernar jarðar innan friðlýstra svæða í sveitarfélaginu. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og munu tilnefningaraðilar bera kostnað af setu sinna fulltrúa. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Eyrúnu Björnsdóttur.

3. Tilnefning fulltrúa á hluthafafund Sorpsamlags Þingeyinga ehf. 28. feb. n.k.

Fulltrúi Skútustaðahrepps á hluthafafund Sorpsamlags Þingeyinga sem fram fer þriðjudaginn 28. febrúar n.k. verður Böðvar Pétursson.

4. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

5. Erindi frá Pétri Gíslasyni, ósk um stofnun nýrrar lóðar.

Óskað er eftir að stofnuð verði sér lóð um vélageymslu sem stendur á jörðinni Reynihlíð, fasteignamatnúmer 216-3158-13. Landnúmer upprunaeignar 153-596. Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu. Eyrún vék af fundi undir þessum lið.

6. Framkvæmdaáætlun vegna endurnýjunar á hitaveitu.

Fyrirhugað er að ljúka endurnýjun á hita- og vatnsveitum sveitarfélagsins árið 2015. Við vinnslu framkvæmdaáætlunarinnar var tekið mið af áætlun Verkís, en forgangsraðað með tilliti til bilanasögu, þá er og gerður fyrirvari vegna fjármögnunar o.fl. þátta.

2012 Grænilækur – Álftagerði.
Markhraun – Kálfaströnd.

2013 Kálfaströnd – Garður.

2014 Geiteyjarströnd – Markhraun.
Reykjahlíðarskóli – Skútahraun.
Skútahraun – T – brunnur R-4.
Grímsstaðir 1000 m.
Vatnstankur – Hraunvegur.

2015 Grímsstaðir 2500 m.

Sveitarstjóra falið að láta vinna útboðsgögn.

7. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir m.a. eftirfarandi athugasemdir við nefnt frumvarp. Ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum til að ljúka Þjóðvegi nr. 87, Kísilvegi, eru þó ekki nema 11 km. ókláraðir. Þá er gerð athugasemd við að ekki skuli, á næstu fjórum árum vera gert ráð fyrir nema kr. 50. millj. til framkvæmda við brú yfir Jökulsá á Fjöllum. Hér er um öryggisatriði að ræða og vitað er að brúin ber ekki þá umferð sem um hana fer í dag. Í endurskoðuðu aðalskipulagi Skútustaðahrepps er gert ráð fyrir göngu- og hjólastíg umhverfis Mývatn og hefur þeim áformum verið komið á framfæri við Vegagerðina því er með öllu óásættanlegt að einungis skuli vera gert ráð fyrir fjármunum til göngu- og hjólastígagerðar á suðvesturhorninu.

8. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun 2011-2014, 343. mál.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur það forgangsmál að kláraðar verði grunntengingar um allt land og þar með hinar dreifðu byggðir. Verulegur misbrestur er á því að allir njóti sambærilegrar þjónustu, þrátt fyrir fögur fyrirheit og fullyrðingar Fjarskiptasjóðs og annarra um að allir bæir hafi aðgang að háhraðaneti.

9. Erindi frá nefndarsviði Alþingis, ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun 2011-2022, 342. mál.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mun ekki veita umsögn um framkomna tillögu.

10. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 20. feb.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Þórhalli Kristjánssyni þar sem hann óskar eftir því að 5,9 ha svæði í kringum Sandatún verði skilgreint sem ferðaþjónusta og frístundasvæði í aðalskipulagi. Hugmyndin er að tjaldgisting í Vogum færist að mestu á það svæði og einnig gistiskálar og svefnpökagisting. Nefndin bendir viðkomandi á að nú þegar er inni í aðalskipulagsuppdrætti svæði ofan íbúðabyggðar í Vogum, austan Þjóðvegur skilgreint til þessara nota. Skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að hafna erindinu.

Í þriðja lið fundargerðarinnar er farið yfir drög að verndaráætlun fyrir Hverfjall/Hverfell.

Í fjórða lið er farið yfir framkvæmdaáætlun vegna endurnýjunar á hitaveitunni. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öðrum lið fundargerðarinnar aðrir liðir þarfnast ekki ályktunar við.

11. Erindi frá Óla Halldórssyni f.h. Þekkingarnets Þingeyinga.

Fyrir fundinum liggur minnisblað unnið af Óla Halldórssyni af fundi sem haldinn var þann 8. febrúar s.l. Á þeim fundi voru fulltrúar frá Þekkingarneti Þingeyinga, Vatnajökulspjöldgarði, Umhverfisstofnun og Ramý. Þá hafði fulltrúum Landgræðslunnar og Mývatnsstofu einnig verið boðið að sitja fundinn. Sameiginleg niðurstaða fundarmanna var að áhugavert væri að mynda þekkingarsetur í Reykjavíkurborg sem hýsti ýmsa þekkingar-/sérfræðistarfsemi ofangreindra stofnanna og e.t.v. fleiri. Óskað er eftir að málinu verði komið í formlegan farveg og

að sveitarstjórn tilnefni fulltrúa í undirbúningsnefnd. Sá fulltrúi yrði jafnframt formaður nefndarinnar og leiddi vinnuna.
Sveitarstjórn samþykkir að Böðvar Pétursson verði fulltrúi Skútustaðahrepps.

12. Samningur við VÍS.

Fyrir fundinum liggur samningur við Vátryggingarfélag Íslands um tryggingar sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára.
Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.